

Kiwanis



Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Guðbjörg B. Pálsdóttir
Umdæmisféhirðir 2012-2013
Fagrabergr 52, 221 Hafnarfjörður
umdaemisfehirdir@kiwanis.is / fagrabergr@islandia.is

Skýrsla umdæmisféhirðis til Umdæmisstjórnarfundar í Hafnarfirði 12. Jan. 2013 vegna tímabilsins október – desember 2012.

Þetta tímabil hefur aðallega farið í að koma sér inn í embættið, skoða, læra, og fá upplýsingar hjá fyrirrennrum, bæði Birgi og Atla auk Ómars Haukssonar á Siglufirði sem mun sjá um bókhaldið áfram fyrir umdæmið. Þetta er allt að skýrast og fjárhagsstaðan er góð, það hefur verið til fyrir öllu sem þurft hefur að greiða og 60% innlendu gjaldanna sem voru á eindaga 1. des s.l. hafa flestir klúbbar greitt og voru þó nokkrir sem greiddu þó nokkuð fyrir eindaga. Í dag eru tveir klúbbar sem hafa ekki greitt fyrri hlutan en ég hef fulla trú á að þeir standi skil á sínu fljótlega.

Ég leiðrétti greiðsluseðla vegna rangs félagafjölda hjá nokkrum klúbbum þar sem þeir höfðu ekki uppfært gagnagrunninn eins og þeir eiga að gera jafnóðum. Bið ég svæðisstjórana endilega að hnykkja á þessu við klúbbana svo þetta verði nú rétt 31. mars þegar staðan verður tekin vegna seinni hluta gjaldanna. Þessir hlutir þurfa að vera í lagi. Margir eru líka alveg að standa sig.

Eindagi erlendu gjaldanna var 15. des s.l. og veit ég ekki alveg stöðuna á þeim greiðslum þar sem klúbbarnir greiða þau beint til KI í gegnum sína viðskiptabanka. Við munum væntanlega fréttu af vanskilum ef einhver verða.

Næst á dagskrá eru svo húsnæðis kaupin og fjárútlát í sambandi við þau en það kemur okkur auðvitað bara til góða.

Ég vil að lokum þakka öllum gott samstarf það sem af er starfsárinu og þeim sem ég hef leitað til þakka ég aðstoðina.

Eins og skáldið sagði: Money makes the world go around.

Með Kiwaniskveðju

Guðbjörg B. Pálsdóttir
Umdæmisféhirðir 2012-2013

